

92
1. júlí.

Samþykkt

um samgirðing um Fljótshlíðina.

Hreppsnefndin í Fljótshlíðarhreppi í Rangárvallasýslu hefir samkvæmt lögum 30. júlí 1909, um girðingar, gjört eftirfylgjandi

s a m þ y k t

um viðhald samgirðingar og fleira um Fljótshlíðina frá Þverá utan við Sámstaði að Merkjá.

1. gr.

Kosinn skal eftirlitsmaður á aðalfundi búnaðarfélagsins ár hvert, er hafi á hendi eftirlit með girðingunni, skal hann fara með henni allri að vorinu og hafa lokið því fyrir 15. maí. Ber honum að skýra frá, hvar og hvernig endurbæta þurfi girðinguna, og eru allir hlutadeigendur skyldir til að hlýða hans fyrir-mælum í því efni. Eftirlitsmaður fær þóknun fyrir starfa sinn af sjóði búnaðarfélagsins. En líði búnaðarfélagið undir lok, tekur hreppsnefndin við því starfi, sem félaginu er ætlað í samþykkt þessari, og greiðist kostnaður eftirlitsmanns þá úr sveitarsjóði.

2. gr.

Hver ábúandi, er land á að girðingunni, er skyldur til að viðhalda henni fyrir sínu landi, eða því, sem hann hefir girt. Vanræki einhver þá skyldu, getur hreppsnefndin látið gera við girðinguna, og greiði sá kostnaðinn, er viðhaldsskyldan hvílir á.

Verði einhver uppvís að því að spilla girðingunni af ásettu ráði eða vita-verðri vangá, skal hann bæta spjöllin. Verði ábúendaskifti á jörðum, hvílir viðhaldsskyldan á þeim, er við jörðinni tekur.

3. gr.

Hreppsnefndin skal á vori hverju ákveða, hvenær skuli reka úr girðingunni hross og sauðfé. Ekki má hleypa hrossum eða sauðfé inn fyrir girðinguna til beitar að haustinu fyr en í septembermánaðarlok.

4. gr.

Allan þann tíma, sem landið innan girðingarinnar er friðað samkvæmt 3. gr., skal öllum hliðum á girðingunni vandlega lokað.

5. gr.

Brot mót samþykkt þessari varða sektum frá 2—20 kr., er renna í sveitarsjóð. 1. júlí

92

6. gr.

Með mál útaf brotum móti samþykkt þessari skal farið sem almenn lög reglumál.

Samþykkt þessi er hérmeð staðfest til að öðlast gildi 1. ágúst 1911 og birt til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í stjórnarráði Íslands, 1. júlí 1911.

Í fjarveru ráðherra.

Kl. Jónsson.

Jón Hermannsson.

Samþykkt

93
3. júlí

um girðing í Svínavatnshreppi.

Hreppsnefndin í Svínavatnshreppi í Húnavatnssýslu hefir samkvæmt lögum 30. júlí 1909, um girðingar, gjört eftirfylgjandi

s a m þ y k t

um girðing í Svínavatnshreppi.

1. gr.

Í Svínavatnshreppi skal vera gaddavirsgirðing frá Svínavatni á landamærum Stóradals og Svínavatns og svo yfir Ytrilöngumýrar- og Tungunesland, austur að Blöndu á Hamrinum.